

Skagafjörður

[Sæunn Kolbrún Þórólfsdóttir](#)

Umsögn birt **26.11.2025**

Á 43. fundi sveitarstjórnar Skagafjarðar þann 19.11.2025 var eftirfarandi bókað:

Vísað frá 86. fundi skipulagsnefndar frá 13. nóvember sl. til afgreiðslu sveitarstjórnar, þannig bókað: „Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Skagafjarðar við eftirfarandi mál í Skipulagsgátt: Hitaveita að Langhúsum, Fljótum í Skagafirði, nr. 1477/2025: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu) <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/1477> . Kynningartími er frá 3.11.2025 til 2.12.2025.

Skipulagsnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd hafi í för með sér óveruleg umhverfisáhrif og því ekki um matskylda framkvæmd að ræða og samþykkir samhljóða að leggja til sveitarstjórn að gera ekki athugasemd vegna málsins.“

Sveitarstjórn samþykkir, með níu atkvæðum að gera ekki athugasemd vegna málsins.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

[Sigríður Hjaltadóttir](#)

Umsögn birt **28.11.2025**

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Sigríður Hjaltadóttir

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra gerir ekki athugasemdir við aukna vinnslu jarðhita að Langhúsum í Fljótum, Skagafirði. Öll mannvirki eru til staðar en til stendur að dæla mun meira upp af heitu vatni. Minnt er á reglugerð um hávaða nr 724/2008 og að losun jarðhitavökva á yfirborð er óheimil skv reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr 550/2018.

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

1. desember 2025
UOS2511008/V.L.J.

Efni: Umsögn vegna hitaveitu Langhúsa í Fljótum, Skagafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 3. nóvember síðastl. þar sem óskað var umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar vegna tilkynningar Skagfjarðarveitna um hitaveitu að Langhúsum, Fljótum í Skagafirði til ákvörðunar um matsskyldu á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Forsendur

Samkvæmt greinargerð frá Skagafjarðarveitum eru forsendur fyrir auknu nýtingarleyfi á jarðhitaborholu LH-04 að Langhúsum, Fljótum í Skagafirði, þær að borholan sem boruð var árið 2016 hefur reynst geta afkastað allt að 35 l/s af um 110°C heitu vatni. Núverandi nýtingarleyfi er hins vegar aðeins 2,5 l/s sem er undir getu holunnar og ófullnægjandi til að mæta aukinni eftirspurn eftir heitu vatni á þjónustusvæði hitaveitu Langhúsa.

Skagafjarðarveitur þjónusta Skagfirðinga með heitu vatni, frá 2016 hefur verið talsverð uppbygging í Fljótum og eftirspurn eftir hitaveitu aukist samhliða því. Áætlað er að aukin nýting muni stuðla að styrkingu á núverandi kerfi.

Í greinargerð kemur fram að forsenda matskyldufyrirspurnar er aukin nýting borholu LH-04 úr 2,5 l/s í 35 l/s er þess umfangs að meta þurfi hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Aukin nýting úr borholu LH-04 kallar ekki á frekari verklegar framkvæmdir eða breytingar á mannvirkjum, um er að ræða breytingar á stillingum mótorkoka sem stýrir rennsli úr holunni. Því fylgir hvorki aukin losun úrgangs, hávaði, ryk eða umferð.

Svæði borholu LH-04 er innan gildandi aðalskipulags Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2020-2035, skilgreint sem iðnaðarsvæði nr. I-7. Afkastaaukning sem sótt er um er í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

Vatnamál

Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að það skortir mat á áhrifum á vatn samkvæmt vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Fyrsta vatnaáætlun Íslands¹ var staðfest í apríl 2022 á grunni laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda allt vatn, bæði yfirborðsvatn og grunnvatn, vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heilstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Skilgreining grunnvatns samkvæmt lögum um stjórn vatnaamála er þessi; vatn, kalt eða heitt, sem er neðan jarðar í samfelldu lagi, kyrtætt eða rennandi, og fyllir að jafnaði allt samtengt holrum í viðkomandi jarðlagi. Lögin ná þess vegna til jarðhitanýtingar.

Vatnshlotið sem nýtingin nær til er grunnvatnshlotið Fljót ([101-128-G](#)) sem hefur umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins er óþekkt vegna skorts á gögnum. Stofnunin bendir á að umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Einnig þarf að meta möguleg áhrif ef að kemur til losunar á yfirborð vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, þá er um að ræða yfirborðsvatnshlotin Hópsvatn ([101-1383-T](#)), Flókadalsá ([101-1664-R](#)) og Flókadalsvatn ([101-1384-L](#)).

Vatnsbólin Staðarflöt og Ysti-Mói eru í sama vatnshloti og þarf einnig að meta möguleg áhrif nýtingarinnar á þessi vatnsból.

Til að hægt sé að tryggja að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum nýtingarinnar á viðkomandi vatnshlot sem tekið verður afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðrar nýtingar á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort nýtingin muni valda því að vatnshlotin nái ekki umhverfismarkmiðum. Stofnunin hefur gefið út leiðbeiningar² um hvernig skal framkvæma slíkt áhrifamat.

Samkvæmt 6. gr. laga um rannsóknir og nýtingu auðlinda í jörðu, nr. 57/1998 er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Umhverfis- og orkustofnunar hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlöndum með þeim undantekningum sem greinir í lögunum. Slíkt leyfi þarf að liggja fyrir áður en nýting hefst.

Samantekt

Að mati Umhverfis- og orkustofnunar er líklegt að áhrif framkvæmdarinnar verði staðbundin og takmörkuð, þar sem sótt er um aukna nýtingarheimild en aukning þessi kallar ekki á frekari verklegar framkvæmdir aðrar en stillingar á mótrolukum.

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

² [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Hins vegar þarf að meta áhrif aukinnar nýtingar á vatn samkvæmt vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en aukin nýting hefst og nýtingarleyfi er gefið út.

Virðingarfyllst,

Vigdís Louise Jónsdóttir
Teymi leyfa og umsagna

Margrét Mjöll Benjamínsdóttir
Teymi hafs og vatns